

EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas hf. bikstöð Hafnarfirði



Dags eftirlits	1.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Colas hf. bikstöð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Óseyrarbraut 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Björk Úlfarsdóttir	ÍSAT nr.	23.99
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið og ein ábending var sett fram um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með bikstöð Colas Ísland hf. í Hafnarfirði þann 1. desember 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin er með starfsleyfi frá 20. ágúst 2021. Gerðar voru breytingar á starfsleyfinu þann 10. mars 2022.

Dagskrá eftirlitsins

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Kynning á fylgiskjöllum
- Umfang starfseminnar
- Trygging vegna bráðamengunar
- Frárennsli
- Skráningar
- Eftirlitsmælingar
- Áhættumat
- Kvartanir
- Annað
- Vettvangsferð

1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Tvö eldri frávik voru opin við eftirlitið.

Frávik var frá gr. 3.5 í starfsleyfi. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum. Skiljan hefur verið tæmd eftir þörfum og mælingar gerðar, en virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin skv. þessu ákvæði. Engar úrbætur hafa verið gerðar og frávikið stendur enn.

Frávik frá gr. 4.1 í starfsleyfi. Ábending var sett fram áður í eftirliti varðandi skráningar á skoðun olíuskilju. Ekki hefur verið bætt úr skráningum og því var í síðasta eftirliti sett frávik vegna þess. Rekstraraðili hefur nú gert verkferil þar sem áminning um framkvæmd sýnatökunnar er sjálfkrafa í kerfi rekstraraðila. Fráviki lokað.

Ein eldri ábending var við eftirlitið varðandi skráningar skv. gr. 4.1 í starfsleyfi séu aðgengileg bæði starfsmönnum og eftirlitsmönnum í eftirliti. Rekstraraðili hefur nú bætt skráningarnar og fráviki því lokað.

2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar og leiðbeiningar um olíuskiljur.

3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að á svæðinu hafa 8.500 m³ af biki og þar af í stærsta geymi allt að 3.700 m³. Í eftirlitinu kom fram að í heildina er geymt 7200 tonn af biki. Einnig er í starfsleyfi heimild fyrir geymslu efna á borð við viðloðunarefni, bikþeytu, lýsi, skipagasolíu og "white spirit", allt að 550 m³ samtals. Í eftirlitinu kom fram að geymt magn er innan marka starfsleyfisins. Einnig er heimil endurvinnsla á bikþeytu í kerfi sem hitar bikþeytu upp þannig að eftir verði endurunnið bik sem er tilbúið til notkunar.

4. Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili framvísaði tryggingaskírteini í eftirlitinu.

5. Frárennsli

Sýnataka úr olíuskilju var framkvæmd 5. okt 2023 og var niðurstaðan innan marka í starfsleyfi. Næsta sýnataka ætti því að vera 2026.

6. Skráningar

Ekki var farið yfir skráningarnar í eftirlitinu

7. Eftirlitsmælingar

Skila skal niðurstöðum eftirlitsmælinga til stofnunarinnar 1. maí ári eftir mælingarnar. Engar mælingar voru framkvæmdar á árinu og því engin skil.

8. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

9. Kvartanir

Rekstraraðila hafa borist talsvert af kvörtunum, þá aðalega lyktakvartanir. Skv rekstraraðila virðast lyktarkvörtunum fara fækkandi. Úrbótaáætlun í gangi, verklagsreglum og loftstútum breytt til að endurnýta gufur.

10. Annað

Úttekt á VOC - efnum. Engar mælingar hafa verið gerðar en samkvæmt starfsleyfi á að framkvæma þær ári eftir að endurvinnslu bikþeytu hefur verið hafin. Því ætti þessi mæling að gerast árið 2026.

11. Vettvangsferð

Gengið var um athafnasvæðið. Fimm bambar voru á svæðinu án árekstrarvarna sem er frávik. Rekstraraðili upplýsti stofnunina að loknu eftirliti að bambarnir hafa verið færðir inn í efnageymslur og frávikinu því lokað.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 43 í reglugerð 884/2017 um varnir Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld-, og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	lausageyma Bambar voru á svæðinu án árekstrarvarna. Að eftirliti loknu voru bambarnir færðir inn í efnageymslur. Fráviki lokað.
---	--

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að framkvæma þarf mælingu á VOC efnum árið 2026.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

17.12.2025



Kristín Kröyer